

**Fundargerð 387. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 27. maí, kl. 16.00 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Jóhanna Traustadóttir, ritari

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaraviðræður við SFV og við minni stofnanir
4. Kynning á kjarasamningum, Hornafjörður, Vesturland og Austurland
5. Fagháskólanám sjúkraliða, framvinda og staða málsins.
6. Ársskýrsla stjórnar
7. Stefnumótun – framtíðarsýn
8. Stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu – hjúkrunarráð.
9. Uppsetning á „tímalínu“ til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana.

**Önnur mál**

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

**3. Kjaraviðræður við SFV og við minni stofnanir**

SBF fór yfir að illa hafi gengið að ná alvöru viðræðum við forsvarsfólk SFV, sem kemur bæði til af því að engin þrýstingur er á þeim aðilum, viðmiðin eru ríkissamningurinn og ekkert umfram það og það liggur fyrir að SFV hefur ekki enn náð samningi við aðra stóra viðsemjendur. Búið er að boða til samningafundar föstudaginn 29. maí með samninganefnd SFV og fyrir liggja tillögur frá SLFÍ, sem

verður vonandi svarað á þeim fundi, sem verður í félagsaðstöðu SLFÍ. Fulltrúar SLFÍ vilja uppfæra stofnanasamninginn samhliða gerð kjarasamningsins með gildistíma uppfærðs stofnanasamnings frá maí 2021.

Samningar við smærri stofnanir eru í skoðun, en koma oftast í kjölfar samninga við SFV og á svipuðum nótum.

#### **4. Kynning á kjarasamningum, Hornafjörður, Vesturland og Austurland**

SBF fór yfir að hún og GÖG hefðu verið með kynningarfundum á nýgerðum kjarasamningum, þ.s. farið er yfir helstu atriði nýgerðra kjarasamninga og spurningum sjúkraliða svarað. Byrjað var á Hornafirði, en þar var fundað með sjúkraliðum og stjórnendum. Mjög góð mæting var á fundinum með sjúkraliðu og þar var mikil og góð umræða. Fundurinn með stjórnendum var góður og árangurríkur. Síðan var farið á Skagann og í Borgarnes og þar var einnig mjög góð mæting og góð umræða. Sama var uppi á teningnum á Norðfirði og Egilsstöðum. Fyrir liggur að um fleiri fundi verður að ræða á næstu dögum og vikum.

#### **5. Fagháskólanám sjúkraliða, framvinda og staða málsins.**

SBF fór yfir nýjustu upplýsingar um stöðu fagháskólanáms sjúkraliða. Í síðustu viku var lögð fram fyrirspurn á Alþingi til menntamálaráðherra varðandi stöðu fagháskólanámsins. Svör ráðherrans voru frekar jákvæð og fram kom í umræðunni mikil jákvæðni gagnvart stéttinni og öflugri baráttu félagsins fyrir fagháskólanáminu. SBF átti símafund með rektor HA, en þar kom m.a. fram að fjármögnun námsins þurfi að liggja fyrir áður en farið er af stað og síðan taki tíma að fá námsskránnu samþykkt af viðeigandi aðilum. Rektor hefur lagt til að námið hefjist haustið 2021, en félagið muni áfram berjast fyrir því að námið hefjist næsta haust. Fundur verður næsta föstudag í heilbrigðisráðuneytinu um framgang námsins og upphaf þess.

#### **6. Ársskýrsla stjórnar**

SBF fór yfir að unnið væri að ársskýrslu félagsins og fram kom að skýrslan verði ýtarlegri en á síðasta ári, þ.s. í skýrslunni er til lengri tíma litið sögulegt utanumhald varðandi starfsemi félagsins á hverju ári. Skýrsludrög eru í vinnslu og ákveðið er að hafa hana rafræna.

#### **7. Stefnumótun – framtíðarsýn**

SBF fór yfir að gott væri að hefja fljótlega vinnslu stefnumótunar. Áætlað að vinna hefjist að hausti.

#### **8. Stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu – hjúkrunarráð.**

SBF sagði frá að fyrir alþingi lægi frumvarp frá heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og í því væri tillaga um ákveðnar breytingar á þeim fagráðum sem nú eru innan heilbrigðiskerfisins og þar á meðal hugmyndir um niðurlagningu hjúkrunarráðs og í stað þess muni kom fagráð heilbrigðisstétta. Mikil jákvæðni er gagnvart þessu frumvarpi hjá SLFÍ og félagið hefur sent inn umsögn í þeim anda, en skoðanir eru skiptar meðal einhverra stétta um ágæti breytinganna.

#### **9. Uppsetning á „tímalínu“ til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana.**

Fram kom að í kjölfar kynningarfundanna á kjarasamningunum hafi kviknað sú hugmynd að setja upp „tímalínu“ með helstu breytingum/hækkunum í nýgerðum

kjarasamningum þ.s. merktar verði inn helstu breytingar bæði launahækkunir,  
breytingar á vinnutíma og tímasetningar á bókunum. Framkvæmdastjórn vinnur drög.

## **Önnur mál**

Fundi slitið kl. 17:30